

Davíð Þór fékk starfsmerki UÍA

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Miðvikudagur, 18 Apríl 2018 16:03

Á

Fjórir einstaklingar fengu starfsmerki UÍA fyrir vel unnin störf á sambandsþingi UÍA á Borgarfirði eystra á laugardag.

Davíð Þór Sigurðarson, Hetti

Davíð Þór var aðeins 26 ára gamall þegar hann tók við formennsku í íþróttafélaginu Hetti árið 2009 og hefur gegnt henni síðan þá. Davíð hefur einnig verið lykilmaður í Unglingalandsmótunum 2011 og 2017.

Auk Davíðs fengur eftirfarandi einstaklingar starfsmerki UÍA:

Ásgrímur Ingi Arngrímsson, UMFB

Ásgrímur Ingi var formaður UMFB frá árinu 1997 til 2014 og driffjöðrin í margvíslegu starfi félagsins, meðal annars uppbyggingu sparkhalla á Borgarfirði. Eins má nefna framlag Ásgríms Inga til leiklistar- og menningarstarfs á vegum UMFB.

Arngrímur Viðar Ásgeirsson, UMFB

Arngrímur Viðar hefur í gegnum tíðina komið að margvíslegu starfi UMFB. Þá var hann gjaldkeri UÍA á árunum 2001-2008.

Bryndís Snjólfsdóttir, UMFB

Bryndís var meðal þeirra sem leiddu starf UMFB á níunda og tíunda áratugnum. Borgfirðingar muna eftir að hún var ætíð tiltæk þegar á þurfti að halda.

Frétt tekin af heimasíðu UÍA